

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri skipanir.

Óski embættismaður, sem skipaður er fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar skipunar í samræmi við reglur þessar, skal láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júlí 1996.

Davíð Oddsson.

Birgir Guðjónsson.

24. júlí 1996

Nr. 414

AUGLÝSING**um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripi:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 120 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 115 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o. fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 226/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.